

Bókmenntir og réttindafræðsla

Hér má sjá dæmi um bækur sem henta vel til réttindafræðslu. Þær henta vel sem kveikjur fyrir umræður og útbúa má verkefni út frá þeim. Sumar þeirra eru einnig til á öðrum tungumálum og þær má nýta í tungumálakennslu. Listinn er alls ekki tæmandi og eru bæði kennarar og nemendur hvattir til að hugsa sér fleiri bækur sem ættu hér heima.

Sem dæmi um bækur sem bæta mætti við eru bækurnar um Harry Potter og margar af bókunum um Einar Áskel.

Við hverja bók er bent á dæmi um þær greinar Barnasáttmálans sem eiga við hverja bók, en athugið að fleiri greinar geta átt við.

Rúnar góði

Höfundar:
Hanna Borg Jónsdóttir
og Heiðdís Helgadóttir


Bókin kynnir börn fyrir réttindum sínum í gegnum sögu og eru gerðar beinar tengingar milli daglegs lífs barna og réttinda þeirra. Í lok hvers kafla er að finna sérstaka umræðupunkta um réttindi barna. Bókin hentar vel fyrir leikskóla og yngsta stig grunnskóla.



Bjarnastaðabangsarnir

Höfundar:
Stan og Jan Berenstain


Til eru tugir bóka um Bjarnastaðabangsana sem henta vel sem kveikja fyrir umræður hjá börnum um réttindi barna þannig að börn tengi réttindi sín við sitt daglega líf. Sem dæmi má nefna Bjarnastaðabangsarnir og of mikið álag, - og of mikið ruslfæði, - og of mikið afmæli, - og of mikið gláp, - hjá læknum, - byrja í skóla, - sýna þakklæti, - heimta og heimta, - rífast og rífast, - fara til tannlæknis.



Einstök mamma

Höfundur:
Bryndís Guðmundsdóttir


Saga af stúlku sem á heyrnalausum móður sem tjáir sig með táknmáli. Sagan hefur þann tilgang að auka skilning og vekja börn til umhugsunar um að ekki eru allir foreldrar eins. Eins er henni ætlað hvetja börn til að setja sig í spor annarra. Reynsla barna sem eiga heyrnalaus foreldra er að sumu leyti hliðstæð reynslu þeirra sem eiga foreldra sem tala ekki íslensku.



Fjölskyldan mín

Höfundar:
Ásta Rún Valgerðardóttir
og Lára Garðarsdóttir

Fjölskyldan mín gerist á leikskóla þar sem haldinn er fjölskyldudagur. Þá komast krakkarnir að því hversu fjölbreyttar fjölskyldur þeirra eru. Til að mynda eiga sumir tvær mömmur, sumir eiga stjúpforeldra, aðrir tala annað tungumál við foreldra sína og svo mætti lengi telja. Bókin opnar umræðu um ólík fjölskylduform og fagnar fjölbreytileikanum.



Saga Rósu Parks

Höfundar:
Lisbeth Kaiser og Marta Antelo

Rosa Parks var hugröck kona með sterka réttlætiskennnd. Allt frá því hún var lítil stelpa lét hún sig hlutina varða og barðist gegn mismunun og fordómum. Allar bækurnar í þessari ritröð *Litla fólkið og stóru draumarnir* henta vel í réttindafræðslu.




Kroppurinn er kraftaverk

Líkamsvirðing fyrir börn

Höfundar:

Sigrún Daniélsdóttir og Björk Bjarkadóttir

Líkaminn er kraftaverk, hann gerir okkur kleift að gera stórkostlega hluti eins og að hoppa, stækka og lækna sárin sín. Mikilvægt er að hlusta á skilaboðin sem hann sendir okkur um þarfir sínar til að geta liðið vel og verið hraustur. Bókin kennir börnum að þykja vænt um líkama sinn, hugsa vel um hann og bera virðingu fyrir líkómum annarra.




Malala's Magic Pencil

Höfundar:

Malala Yousafzai og Kerascoet


Saga Malölu er áhrifamikil og merkileg en hún barðist fyrir réttindum stúlkna til að fá menntun á tímum Talibana í Afghanistan. Hún varð heimsfræg fyrir baráttu sína og varð fyrir miklu mótlæti og ofbeldi. Í dag er hún ein ötulasta baráttukona fyrir því að menntun sé öllum börnum aðgengileg. Í þessari bók segir hún sögu sína á afar barnvænna hátt.



Matilda / Matthildur

Höfundur: Roald Dahl

Matthildur er eldklár og skemmtileg stelpa sem elskar að lesa. Foreldrar hennar eru uppteknir við allt annað en uppeldið og í skólanum ríkir ógnvænlegur skólastjóri. Matthildur fær nóg af yfirgangi þeirra og afskiptaleysi og grípur til sinna ráða með hjálp kennara síns. Bókin býður upp á góð tækifæri til umræðna um réttindi barna og tenginga við daglegt líf barna.



Flökkusaga

Höfundur:

Lára Garðarsdóttir

Sagan þreifur á málum sem við þekkjum vel úr samtíma okkar, hlýnun jarðar, fordómum og mismunum. Flökkusaga fjallar um mæðgur af ísbjarnakyni sem neyðast til að leggja land undir fót og aðlagast nýju landi.




Emmanuel's Dream

The True Story of Emmanuel Ofusu Yeboah

Höfundar:

Laurie Ann Thompson og Sean Qualls

Bókin segir sanna og áhrifamikla sögu Emmanuels, fatlaðs stráks sem fæddist í Ghana. Þar í landi hafa fatlaðir þurft að þola mikla mismunun og fordómar hafa verið ríkjandi í þeirra garð. Móðir Emmanuels barðist fyrir því að Emmanuel fengi menntun og jöfn tækifæri og Emmanuel barðist gegn fordómum í garð fatlaðra með hetjulegum hætti. Sagan hefur ekki verið þýdd á íslensku ennþá. Mælt er með þessu myndbandi um Emmanuel.




Lína Lína Langsokkur / Pippi Langstrump

Höfundur:

Astrid Lindgren

Lína Langsokkur er ótrúleg stelpa, sterkasta stelpa í heimi. Hún hefur sterka réttlætiskennnd og er frábær fyrirmynd. Hún elur sig upp sjálf og gengur ekki í skóla. Saga hennar gefur tilefni til margvíslegra umræðna um réttindi barna.




Emil í Kattholti

Höfundur:

Astrid Lindgren

Emil í Kattholti er ljúfur þakkarari sem er til alls líklegur. Bókin gefur tækifæri til að setja daglegt líf hans í samhengi við réttindi barna.



Gréta og risarnir

- innblásin af Gretu Thunberg og aðgerðum hennar til að breyta heiminum

Höfundur:

Zoé Tucker og Zoe Persico

Gréta grípur til sinna ráða þegar hún gerir sér grein fyrir þeirri hættu sem að jörðinni steðjar ef ekkert verður að gert. Hún notar rödd sína og þrýstir á aðgerðir.



Vertu ósýnilegur

Flóttasaga Ishmaels

Höfundur:



Kristín Helga Gunnarsdóttir

Eitt sinn bjó Ishmael í borg þar sem var líf og fjör alla daga og börn léku sér innan um dulúðuga hnífasala, villiketti og sápugetðarmeistara. Núna er hann 14 ára og borgin hans er vígvöllur. Þegar heimilið er rústir einar neyðist hann til að leggja land undir fót og leita skjóls þar sem friður ríkir.

En flóttaleiðin er lífshættuleg.

Á sama tíma glímir fjölskylda í Kópavogi við það flókna verkefni að fóta sig í nýju landi.

Bókin býður upp á margvíslegar umræður um réttindi barna.



Fíasól gefst ekki upp

Höfundur:

Kristín Helga Gunnarsdóttir

Fíasól stofnar björgunarsveit sem berst fyrir réttindum barna, glímir við tuddana í bekknum og spilar stuðbolta.

